



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 29. apríl 2025
25043323/100.02 IA

Efni: Óskað er eftir að fá inn í bæjarráð sundurliðun á rekstrarkostnaði
Geðræktarhúss

Við vinnslu og leit að kostum til hagræðingar í rekstri Kópavogsbæjar var bent á að ná mætti fram ákveðnum sparnaði við að bærinn hætti rekstri Geðræktarhússins og leigði það út eða seldi. Var í því sambandi nefnd talan 30 m.kr. en að á árinu 2025 væri talan rúmar 15 m.kr.

Þegar um 30 m.kr. voru nefndar, þá var verið að vitna í fjárheimild hússins eins og hún var áætluð í fjárhagsáætlun undanfarin ár, þegar lagt var upp með metnaðarfullar en kannski lítt mótaðar hugmyndir um starfsemina. Starfsemin fór hins vegar ekki á það flug sem ætlað var, þannig að fjárheimildir þeirra ára voru ekki nýttar.

Þegar ljóst var að engin starfsemi yrði í húsinu á árinu 2025, þá var fjárheimild til þess skorin niður í það sem mætti telja lágmarks rekstrarkostnað, sem er tæpar 16 m.kr.

Þegar verið er að vinna með viðauka við fjárhagsáætlun, þá er verið að vinna með breytingu á sjálfri áætlun ársins. Yfirleitt er verið að glíma við aukningu útgjalda og er þá í leiðinni skoðað hvort ekki megi lækka fjárheimildir annarsstaðar á móti, með tilliti til þess hvert raunútgjöld þar stefna. Það að lækka fjárheimild á einum stað á móti hækkun á öðrum má segja að hafi verið grunn hugsunin við innleiðingu viðauka í sveitarstjórnarlög, þegar þau voru samþykkt á sínum tíma.

Í eftirfarandi töflu má sjá rekstur Geðræktarhúss á árunum 2023 og 2024 (ólitaðir dálkar) og við hlið þeirra áætlun áráanna 2023, 2024 og 2025 (grænir dálkar). Hugmyndin var að lækka nettó töluna í áætlun og ná þannig fram hagræðingu.



Nr.	Heiti	Hreyfing 2023	Áætlun 2023	Hreyfing 2024	Áætlun 2024	Áætlun 2025
2511	Rafmagn	184.787	53.000	106.303	220.800	120.800
2521	Heitt vatn	351.528	363.322	294.690	429.600	279.600
2910	Ræsti- og hreinlætisvörur	6.460	0			
2999	Vörukaup alls	542.775	416.322	400.993	650.400	400.400
4011	Símaþjónusta	960	0	0	0	0
4012	Netþjónusta	246.000	0	246.000	0	0
4321	Sérfræðiþjónusta (24% vsk)		8.704.000	0	8.704.000	0
4342	Önnur þjónusta	959.723	11.296.000	525.000	11.296.000	2.000.000
4375	Eftirlitsgjöld og þjónustusamningar	387.608	0	112.037	0	0
4411	Húsaleiga eignasjóður - innri liður	11.802.348	11.802.353	12.829.152	12.829.152	13.470.610
4942	Ræsting (24% vsk)	1.722.800	0			
4943	Sorphreinsun (24% vsk)	69.989	0	65.954	0	0
4999	Þjónustukaup samtals	15.189.428	31.802.353	13.778.143	32.829.152	15.470.610
9999	Rekstrarniðurstaða	15.732.203	32.218.675	14.179.136	33.479.552	15.871.010

Virðingarfyllst,

Ingólfur Arnarson
Fjármálastjóri

